

Ed.

## 644. Frumvarp til laga

[275. mál]

um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

### 1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Stofnlánasjóður vörubifreiða á flutningaleiðum. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

### 2. gr.

Stofnlánasjóður vöruflutningabifreiða er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með samgöngumál.

### 3. gr.

Samgönguráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður, en hina eftir tilnefningu Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

### 4. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón stofnlánasjóðsins, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

### 5. gr.

Sjóðsfélagar geta allir orðið, sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

Tekjur stofnlánasjóðs vöruflutningabifreiða eru þessar:

1. Árlegt framlag frá sjóðsfélögum, er nemur 1% af brúttótekjum af hverri bifreið sjóðsfélaga.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi jafnhárrí fjárhæð og framlag sjóðsfélaga samkv. fyrsta lið þessarar greinar.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

### 6. gr.

Stofnlánasjóði vöruflutningabifreiða er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 100 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á meðan árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu. Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

### 7. gr.

Fjárhæð lána má nema allt að fimmtíu af hundraði af kostnaðarverði, enda sé það eigi að dómi stjórnar stofnlánasjóðsins hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á þeim tíma er í kaup eða framkvæmdir var ráðist.

### 8. gr.

Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og váttryggingaverði þeirra.

### 9. gr.

Lánstími skal vera fimm ár, ef lánað er til bifreiðakaupa, en má vera allt að tíu ár sé lánað til byggingaframkvæmda samkv. lögum þessum. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

#### 10. gr.

Stjórn stofnlánasjóðsins ákveður að fengnu samþykki samgönguráðherra vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánasjóðum. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánsvexti banka og sparisjóða. Sé tekið lán í erlendri mynt, skal það þó endurlánað með gengistryggingu.

#### 11. gr.

Stjórn stofnlánasjóðsins er heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu, ef atvik eru sem hér segir:

1. Þegar eigendaskipti verða að veði fyrir láni. Þó getur sjóðsstjórnin heimilað aðilaskipti að láni ef nýi eigandi veðsins uppfyllir öll skilyrði til láns úr sjóðnum.
2. Þegar lán úr sjóðnum er eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar sjóðsins.
3. Ef hið veðsetta er eigi lengur notað til hinnar upphaflegu starfsemi eða notkun þess samrýmist ekki tilgangi stofnlánasjóðsins.
4. Ef sjóðsfélagi stendur eigi í skilum við sjóðinn eða Landvara með árstíllög.

#### 12. gr.

Reikningar stofnlánasjóðs vöruflutningabifreiða skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

#### 13. gr.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga í samráði við stjórn sjóðsins. Þar skal meðal annars tekið fram hvaða gögn fylgja skuli umsókn.

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni samgönguráðherra, en einstakir nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni til málsins. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Á undanförunum áratugum hafa vöruflutningar á landi eflst mjög vegna bættra samgangna, stórvirkari tækja og síaukinnar flutningabarfara. Vöruflutningar á landi eru nú orðnir þjónustugrein. Nú eru reknir skipulagsbundnir vöruflutningar á milli Reykjavíkur og flestra staða á landinu og hafa flutningsaðilarnir reist vöruafgreiðslur hér í Reykjavík og á ýmsum stöðum út um land. Flutningastarfsemin er nú í allföstum skorðum og þótt ekki sé um sérleyfi að ræða á flutningaleiðunum þá hafa sömu aðilarnir og fyrirtækin um árabíl annast sömu flutningaleiðirnar svo þekking og reynsla flutningsaðilanna hefur varðveist í atvinnugreininni.

Þeir aðilar sem annast skipulagsbundna vöruflutninga hafa myndað með sér landssamtök er nefnast Landvari, landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Innan félagsins eru flestir þeir aðilar sem annast vöruflutninga á milli Reykjavíkur og heimabyggða sinna og innan þeirra. Þá eru og í félaginu aðilar sem annast reglubundna mjólkurflutninga í sveitum, þótt þeim fari töluvert fækkandi vegna breytingar á flutningsfyrirkomulaginu, þ.e. tankvæðingu.

Atvinnutæki aðila í Landvara eru vöruflutningabifreiðar, yfirleitt þriggja öxla, og er undirvagn bifreiðanna fluttur inn frá hinum ýmsu viðskiptalöndum vorum, en síðan er byggt yfir bifreiðarnar hérlandis. Heildarverð hverrar bifreiðar tilbúinnar til notkunar er nú um kr. 12.0 milljónir. Hafa bifreiðarnar á síðustu tveimur árum nær þrefaldast í verði samfara almennum lánsfjárskorti og er því svo komið nú

að aðilum í Landvara er ofviða að endurnýja bifreiðar sínar, nema til komi veruleg lánaþyrirgreiðsla. Þörf á stofnlánnum til kaupa á flutningabifreiðum hefur raunar alltaf verið brýn því engin lánastofnun hefur veitt lán beinlínis til kaupa á bifreiðunum og með veði í þeim heldur hafa kaupendur þurft að taka víxillán til skamms tíma og gegn veði í fasteignum sínum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót stofnlánasjóði er hafi það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum og lán til annarra þátta í flutningastarfseminni eftir því sem bolmagn sjóðsins kann síðar að leyfa. Vöruflutningar á landi eru svo snar þáttur í samgöngum landsmanna og veigamikil forsenda búsetu víða um landið, að nauðsynlegt er að nú komi til sú lánaþyrirgreiðsla sem hér er gerð tillaga um svo að flutningastarfsemin leggist ekki niður.

#### Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að jafnframt tilheyri hlutverki sjóðsins að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, þá hafi sjóðurinn einnig það hlutverk að veita lán til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi. Aðalhlutverk sjóðsins er að sjálfsögðu að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, en rétt þykir að gera ráð fyrir hinu hlutverkinu ef svo fer að sjóðurinn verði það öflugur að hann anni eftirspurn eftir stofnlánnum til bifreiðakaupa. Ekki er óeðlilegt að veita lán til bygginga, sem er í beinum tengslum við flutningastarfsemi því alloft eru slíkar byggingar eða vöruafgreiðslur bein forsenda þess að flutningastarfsemin gangi eðlilega fyrir sig.

#### Um 2. gr.

Vöruflutningar heyra undir samgöngumál og því er talið eðlilegt að yfirumsjón stofnlánasjóðsins sé í höndum þess ráðherra, er fer með samgöngumál.

#### Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að sjóðnum stýri þriggja manna stjórn, einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður en hinir skipaðir eftir tilnefningu Landvara. Eðlilegt þykir að Landvari hafi hér tvo stjórnarmenn af þremur þar sem félagsmenn í Landvara koma til með að leggja fram veruleg framlög í sjóðinn og svo einnig með tilliti til þess að tryggja að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að viðhalda allri flutningastarfsemi í landinu með því að lána til kaupa á bifreiðum til skipulagsbundinna vöruflutninga. Mun Landvaramönnum einna best treystandi til þess að sjá út fyrirhugaða misnotkun óvandaðra manna á lánaþyrirgreiðslu.

#### Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

#### Um 5. gr.

Samkvæmt 1. tl. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að sjóðsfélagar leggi fram árlegt framlag er nemi 1% af brúttótekjum af hverri bifreið sjóðsfélaga. Bifreiðar félaga í Landvara eru nú um 100 og nærri lætur að árlegar brúttótekjur af hverri þeirra séu kr. 8.0 milljónir er gera heildatekjur kr. 800.0 milljónir og mun því 1% framlag af þeirri fjárhæð nema kr. 8.0 milljónum á ári samkvæmt núverandi verðlagi.

2. tl. greinariðnar gerir ráð fyrir árlegu framlagi frá ríkissjóði, er nemi jafnhárrí fjárhæð og framlag sjóðsfélaga samkvæmt 1. lið þessarar greinar. Þykir ekki óraunhæft að ríkissjóður styrki á þennan hátt flutningastarfsemi á landi, en eins og kunnugt er þá nýtur flutningastarfsemi á sjó mikilla styrkja frá ríkinu og flutningastarfsemi í lofti er einnig styrkt með ríkisábyrgðum og á annan hátt. Skipulagsbundin vöruflutningastarfsemi á landi nýtur nú á engan hátt þyrirgreiðslu úr ríkissjóði heldur er hún skattlögð á sama hátt og öll umferð um þjóðvegi lands-

ins, s.s. með innflutningstollum á atvinnutækin, þungaskatti, gúmmígjaldi, háu oliuverði o.fl.

3. t.l. þessarar greinar gerir ráð fyrir því að tekjur stofnlánasjóðsins séu m.a. tekjur af starfsemi sjóðsins. En mun hér fyrst og fremst um að ræða vaxtatekjur.

#### Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild til þess, að stofnlánasjóðurinn fái að taka lán allt að 100.0 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á meðan árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu. Það er augljóst að meðan sjóðurinn hefur ekki eignast nægt eigið fé, þá þarf hann á lánsfé að halda til endurlána, svo hann geti strax gegnt því hlutverki sínu að viðhalda eðlilegri endurnýjun á atvinnutækjum til flutningastarfseminnar og að þannig verði tryggt að sú uppbygging, sem þegar hefur átt sér stað í flutningastarfseminni haldist og að þjónustan við byggðarlögin verði eigi minni en hún hefur verið. Hámark lánsfjárheimildarinnar er miðað við það, að af 100 bifreiðum, með 5 ára endingartíma hverrar bifreiðar, þá sé árleg endurnýjunarþörf 20 bifreiðar og með nývirði hverrar bifreiðar kr. 12.0 milljónir, þá verður árlegt heildarendurnýjunarvirði bifreiða kr. 240.0 milljónir. Í næstu grein hér á eftir er gert ráð fyrir því að fjárhæð lána til bifreiðakaupa megi nema allt að 50 af hundraði af kostnaðarverði og samkvæmt því eru 50 af hundraði af áðurnefndum kr. 240.0 milljónum kr. 120.0 milljónir. Lánsfjárheimild fyrir stofnlánasjóðinn samkvæmt þessari grein þykir því í hóf stillt.

#### Um 7. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir því að fjárhæð lána megi nema allt að 50 af hundraði af kostnaðarverði. Eðlilegt þykir að setja þetta hámark, enda er það til samræmis við það sem tíðkast um svipaða stofnlánasjóði.

#### Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

#### Um 9. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir því að lántími skuli vera 5 ár, ef lánað er til bifreiðakaupa en megi vera allt að 10 ár sé lánað til byggingaframkvæmda. Láns- tími vegna bifreiðakaupa tekur hér mið af því að bifreiðarnar afskrifist á 5 árum, enda mun reynsla þeirra sem flutningana annast vera sú, að endurnýja þurfi bifreiðarnar á 4—5 ára fresti, ef útgerð þeirra eigi að vera raunhæf því álagið sé slíkt á þær við vöruflutninga á þjóðvegum. Þótt bifreiðarnar séu vart hæfar til flutninga á þjóðvegunum lengur en 5 ár þá geta þær hentað mjög vel til margs konar léttari starfsemi í öðrum atvinnugreinum eftir það.

#### Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

#### Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

#### Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

#### Um 13. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.

#### Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast eigi skýringar.“